

## Samruni Vinnslustöðvarinnar hf., Hugins ehf. og Löngu ehf.

### I. Málsmeðferð

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Vinnslustöðvarinnar hf., Hugins ehf. og Löngu ehf. Með samrunanum öðlast Vinnslustöðin yfirráð yfir Hugin, en bæði félög eiga hvort í sínu lagi tæpan þriðjungshlut í Löngu.
2. Um er að ræða fyrirtæki sem starfa í sjávarútvegi. Vinnslustöðin er sjávarútvegsfyrirtæki sem stundar bæði veiðar og vinnslu á sjávarafla. Huginn er útgerðarfyrirtæki sem gerir út eitt uppsjávarveiðiskip. Langa er félag sem starfrækir fiskþurrkun til útflutnings en í kjölfar samrunans mun hið sameinaða fyrirtæki fara með yfirráð í Löngu. Nánar er fjallað um samrunaaðila og rekstur þeirra í kafla II.1.
3. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 4. febrúar 2021. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Byrjaði frestur til að rannsaka samrunann að líða þann 5. febrúar 2021.
4. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði og opinberra gagna. Auk þess aflaði eftirlitið upplýsinga hjá aðilum í fiskþurrkun.

### II. Samruninn

5. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.
6. Að mati Samkeppniseftirlitsins felst tilkynningarskyldur samruni í kaupum Vinnslustöðvarinnar á Hugin, enda veltumörkum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga náð.

#### 1. Samrunaaðilar

7. Í samrunaskrá segir Vinnslustöðin sé útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki með fjölbreytilegan rekstur. Félagið geri út sex skip til humar-, uppsjávar-, tog- og netaveiða. Vinnslustöðin starfræki saltfiskverkun, humarvinnslu, botnfiskvinnslu og uppsjávarvinnslu. Fyrirtækið eigi og



reki fiskimjölsverksmiðju og frystigeymslu. Vinnlustöðin annist sjálf markaðs- og sölumál vegna afurða sinna.

8. Vinnlustöðin eigi 100% hlut í VSV Seafood Iceland ehf. og fimm erlendum dótturfélögum, sem sérhæfi sig í sölu fiskafurða, en stundi hvorki veiðar né vinnslu. VSV Seafood Iceland hafi annast sölu á botnfisks- og uppsjávarafurðum fyrirtækisins. Vinnlustöðin eigi 100% hlut í Hafnareyri ehf. sem þjóni starfsemi félagsins til sjós og lands og öðrum viðskiptavinum líka.
9. Þá eigi Vinnlustöðin 98,36% hlut í Uppsjávarfisk ehf. og 100% hlut í Kap ehf. en framangreind félög voru stofnuð til að halda utan um söluskrifstofu Vinnlustöðvarinnar í Rússlandi. Lítil sem engin starfsemi sé í þessum félögum. Vinnlustöðin eigi 31% hlut í Löngu ehf. en fyrirtækið verkar þurrkaðan fisk til sölu á markaði erlendis. Huginn eigi einnig 31% hlut í Löngu ehf., sem felur í sér að eftir kaupin á sameinað fyrirtæki 62% hlutafjár í Löngu og fer því með yfirráð yfir því félagi. Vinnlustöðin eigi 34% hlut í Rannsóknarþjónustu Vestmannaeyja ehf. sem sé alhliða rannsóknastofa sem bjóði upp á prófanir, ráðgjöf og þjónustu við matvælafyrirtæki og fóðurvöruframleiðendur. Vinnlustöðin eigi einnig 75% hlutafjár í Marhólmum, sem fullvinni afurðir úr loðnuhrognum og síld. Marhólmur eiga síðan söluskrifstofu í Finnlandi. Vinnlustöðin sé eigandi 41,9% hlutafjár í Lifró ehf., sem eigi 49% hlutafjár í Idunn Seafood ehf., sem rekur niðursuðuverksmiðju á þorsklifur í Vestmannaeyjum.
10. Í samrunaskrá segir að Huginn sé útgerðarfélag sem eigi og reki eitt uppsjávarveiðiskip með frystigetu, sem hafi verið gert út á veiðar á uppsjávarfiski. Engin fiskvinnsla sé rekin af Huginn.
11. Auk framangreinds telur Samkeppniseftirlitið rétt að geta þess að dótturfélag FISK-Seafood ehf., FISK-Seafood fjárfesting ehf., heldur utan um hlutabréfaeign félagsins í Vinnlustöðinni, en um er að ræða 33% eignarhlut. FISK-Seafood er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga (KS) en starfsemi KS er fjölbreytt og fer hún að hluta til fram í dótturfélögum. Fjallað var um eignarhlutinn og möguleg samkeppnisleg áhrif hans í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2021, *Samruni FISK-Seafood ehf. og Ölduóss ehf.*

## **2. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim**

12. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
13. Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar, starfi báðir undir íslenskum lögum um stjórn fiskveiða og afurðir séu seldar á mörkuðum erlendis. Þannig selji Vinnlustöðin afurðir sínar ýmist unnar eða óunnar til Evrópu, Ameríku og Asíu. Huginn selji flestar afurðir sínar frýstar inn á markaði í Austur Evrópu og Asíu. Vinnlustöðin selji afurðir sínar að mestu leyti sjálf en Huginn hafi að stofni til haft milligönguaðila um sölu sinna afurða.
14. Að mati Vinnlustöðvarinnar sé best að líta til markaðsstöðu sjávarútvegsfyrirtækja eftir úthlutuðu aflamarki í þorskígildum. Aflaheimildir Vinnlustöðvarinnar mældar í þorskígildum,



séu 4,50% af heildaraflaheimildum í íslenskrri lögsögu. Reiknað á sama hátt á sé Huginn með innan við 0,80% af heildaraflaheimildunum og sé 27. stærsta félagið samkvæmt yfirliti Fiskistofu yfir stærstu útgerðir.

15. Upplýsingar um markaðshlutdeild félaganna á erlendum mörkuðum hafi félögin ekki nema að litlu leyti. Fullyrða megi þó að hún sé í öllum tilvikum óveruleg.
16. Miðað við hlutdeild félaganna í aflaheimildum á Íslandi og stærð þeirra markaða, sem félögin starfa á erlendis, sé það mat Vinnslustöðvarinnar að umrædd kaup á Huginn muni ekki raska samkeppni.
17. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru markaðir málsins annars vegar veiðar á fiski (uppsjávarfiski) við Íslandi og hins vegar vinnsla á sjávarafla, þ.m.t. fiskþurrkun. Fiskþurrkun kann að tilheyrja sérstökum markaði en í ljósi niðurstöðu málsins er ekki þörf á að taka afstöðu til þess. Rétt er að halda því til haga að undirmarkaðir fyrir einstaka fisktegundir og afurðir kunna að vera til staðar, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2020, *Samruni Brims hf., Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. og meint yfirráð í Brimi hf.* Að mati Samkeppniseftirlitið er landfræðilegur markaður fyrir veiðar líklega Ísland. Landfræðilegur markaður fyrir vinnslu og sölu sjávarafla kann að vera víðari. Í ljósi niðurstöðu málsins er þó ekki tilefni til þess að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar markaðarins.

### III. Niðurstaða

18. Í máli þessu er samruni Vinnslustöðvarinnar og Hugins til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Taka þarf til skoðunar hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga.
19. Samrunaaðilar telja að hvorki Vinnslustöðin né Huginn hafi samkvæmt framangreindum upplýsingum markaðsráðandi stöðu á viðkomandi mörkuðum og staða Vinnslustöðvarinnar muni styrkjast óverulega við kaup félagsins á Huginn. Við mat á samrunanum beri að hafa í huga að bæði fyrirtækin starfa í Vestmannaeyjum og engin breyting sé fyrirhuguð þar á. Við samrunann nýttist skip Vinnslustöðvarinnar betur en verið hafi, auk þess sem eitt öflugt skip bætist í flota félagsins. Augljóst sé að samruninn muni hvorki breyta eða raska hagsmunum neytenda né milliliða og hafi því ekki í för með sér neikvæð áhrif.
20. Sé litið til markaðshlutdeildar samrunaaðila, sem byggir m.a. á upplýsingum Fiskistofu, má sjá að samrunaaðilar eru samtals með um 5,3% af heildarhlutdeild eftir þorskígildum eftir samrunann og þannig vel innan leyfilegra hámarkshlutdeildarmarkna, sem eru 12% samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða.
21. Í samrunanum felst jafnframt að sameinað félag öðlast yfirráð yfir Löngu ehf. sem hefur sérhæft sig í fiskþurrkun. Í kjölfar samrunans myndast því lóðrétt tengsl í fiskþurrkun og vinnslu sjávarafla. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun hið sameinaða fyrirtæki, m.t.t. markaðshlutdeildar sinnar, hvorki hafa hvata eða getu til þess að útiloka keppinauta sína. Eru því áhrif samrunans að þessu leyti hverfandi.
22. Með hliðsjón af hlutdeild samrunaaðila á skilgreindum mörkuðum þessa máls verður ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.



Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### **IV. Ákvörðunarorð**

**„Kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á Hugin ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson